

## Stjórnarfundur 21.apríl 2021 kl 20:10 á Kaffi 59

**Fundur settur:** Mættir eru Garðar, Helga Ingibjörg, Anna María, Jófríður og Valtýr.

**Fjármál:** Félagsjöld eru með gjalddaga 10. maí á ógreiddum félagsgjöldum en annars hafa félagsgjöld skilað sér. Leigja þarf posa, kaupa þarf netpung hjá Símanum, áskrift er um 3500-4500. Bekkir tilbúnir hjá Bryggju og panta þarf efni í tunnuskýli fyrir kúlurnar á æfingasvæði – samþykkt.

**Staðan í skálamálum:** Hrafnhildur er að skoða gerð skilta fyrir völlinn sem setja á bæði á gula sem rauða teiga og líka skilti sem vísa á næsta teig.

**Mótaskrá:** Garðar búinn að setja upp mótaskrá og Hinrik aðstoðaði við að setja inn á golfboxið. Enn vantar fólk í nefndina.

**Framkvæmdir á skála, staðan:** Gott tilboð kom frá Húsasmiðjunni í efni fyrir viðhald á skála og það er samþykkt af stjórninni. Málið sett í hendurnar á framkvæmdarnefndinni svo hún getur hafið störf við að skipuleggja hvenær farið verði í verkið.

**Heimasíða, dagsetning kynningarfundar:** Finna þarf tíma fyrir kennslustund með Hugrónu svo hún geti kennt okkur á heimasíðuna og aðstoðað við að setja upplýsingar þar inn.

**Staðan í starfsmannamálum:** Steinunn ætlar að vera í skálanum í sumar og ætlar hún að reyna að finna einhvern með sér sem kæmi í stað Þóreyjar. Það á enn eftir að finna starfsmenn á völlinn með Valtý, en gott væri að fá aukalega tvo starfsmenn sem vonandi væru á vegum atvinnuþryggingarsjóðs. Skoða þarf hvort þetta gæti farið í gegnum HSH eða Grundarfjarðarbæ.

**Opin fundur, dagsetning:** Dagsetning á fundi 2. maí kl ???. Hinni setur inn mótaskrá og við verðum með léttu kynningu á sumrinu

**Önnur mál:** Búið er að undirrita samning við Arionbanka eða þeirra starfsfólk fyrir árið 2021.



---

Næsti fundur 29. apríl í skálanum til að undirbúa opna fundin sem er 2. maí.

Fundi slitið 21:20.